

Fljótsdalshérað
Ómar Þröstur Björgólfsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. apríl 2012
Tilvísun: UST20120400055/ksj

Sorpurðun í landi Tjarnarlands á Fljótsdals héraði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 4. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun urðunarstaðar í landi Tjarnarlands á Fljótsdalshéraði.

Urðunarstaður í Tjarnarlandi í Hjaltastaðarþinghá mun taka á móti sorpi frá sveitarfélögunum Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi og Seyðisfjarðarkaupstað. Jörðin Tjarnarland liggur um 10 km utan við Eiðar, vestan Borgarfjarðarveggar nr. 49, í tæplega 30 km akstursfjarlægð frá Egilsstöðum. Áætlað er að á jörðinni verði urðunarstaður fyrir almennt sorp frá heimilum og fyrirtækjum. Í dag er reyndar nú þegar rekinn þar urðunarstaður á undanþágu, frá heimilum og fyrirtækjum. Áætlað heildar umfang urðunarstaðar skv. deiliskipulagi er um 74.000m² en fyrir er á svæðinu eldra urðunarsvæði sem er um 40.000 m². Urðunarstaðurinn sem hér er metinn er fyrsti áfangi uppbyggingar urðunarstaðar og er 18.000 m² og áætlaður líftími er 50 ár.

Lýsing framkvæmdar

Áætlað er að urðunarstaðurinn í Tjarnarlundi falli undir flokk B1b, sem er urðunarstaður sem mun taka á móti almennum úrgangi með lítið af lífrænum efnum. Þar að auki verður svæði afmarkað til urðunar á lífrænum úrgangi (sláturúrgangi). Óheimilt verður að urða spilliefni á Tjarnarlandi.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að urðunarstaðurinn geti fullnýttur tekið á móti allt að 160.000 tonnum af almennum úrgangi og 4000 tonnum af lífrænum úrgangi. Í lýsingu framkvæmdar eru talin upp þau mannvirki sem einkum verða sýnileg á rekstartíma urðunarstaðarins og fram kemur að gengið verði frá svæðinu þannig að falli sem best að umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í frummatsskýrslu að við frágang svæðisins verði farið að V kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og bendir Umhverfisstofnun sérstaklega á greinar 35, 36 og 37.

Flokkun sorps

Fram kemur í lýsingu framkvæmdar að gert er ráð fyrir sorpi með litlu magni af lífrænum efnum. Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram í frummatsskýrslu hvers konar sorpkerfi er í Fljótsdalshreppi og á Seyðisfirði, og þar með rök fyrir því að í sorpinu verður lítið af lífrænum efnum.

Grunnvatn

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gert sé ráð fyrir að rekstur urðunarstaðarins geti haft áhrif á jarðveg og vatnsgæði í nágrenni Tjarnarlands. Einnig kemur fram að: „*Vegna reksturs fyrri urðunarstaðar á Tjarnarlandi hafa verið tekin sýni af grunnvatni á svæðinu en þau hafa ekki sýnt styrk mengandi efna yfir mörkum.*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að niðurstöður sýnatöku af grunnvatni komi fram í frummatsskýrsla þó styrkur mengandi efna sé ekki yfir mörkum. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að það komi fram í frummatsskýrslunni hvar og hve oft sýni hafa verið tekin, og einnig að fram komi hvort um sé að ræða breytingar á styrk mengandi efna. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð nr. 738/2003 (viðauki III) eru gerðar kröfur um eftirlit með grunnvatnsmengun, og er mikilvægt að grunnvatnsstraumar séu þekktir.

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að í frummatsskýrslu komi fram áætlanir um fullnægjandi ráðstafanir til að tryggt verði að framkvæmdirnar hafi eins lítil áhrif og kostur er á gæði og rennsli vatns og grunnvatns í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Lykt

Fram kemur í tillögu að matsáætlun um sorpurðun í landi Tjarnarlands að fjallað verði um áhrif á loftgæði í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu beri að fjalla um þá lyktarmengun sem mögulega verður vegna framkvæmdarinnar og hvort, og þá hvaða, mótvægisáðgerðir eru fyrirhugaðar.

Gróður

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um umfjöllun gróðurs í frummatsskýrslu, en í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir gróðurfari innan áhrifasvæðis og mögulegum áhrifum framkvæmda á gróður. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að fram komi á hvaða hátt verði staðið að endurheimt gróðurs á svæðinu við frágang urðunarsvæðisins og bendir á mikilvægi þess að staðargróður verði nýttur sem uppgræðslutegundir.

Sigvatn


Að mati Umhverfisstofnunar ber að fjalla ítarlega í matsskýrslu um þá meðhöndlun sigvatns sem fyrirhuguð er, m.a. um hreinsun þess, viðtaka og getu viðtaka til að taka við sigvatni. Að mati Umhverfisstofnunar ber jafnframt að fjalla um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu á urðunarstaðnum. Í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs í 1. viðauka 3. lið sem fjallar um verndun jarðvegs og vatns segir: „*Urðunarstaður verður að vera þannig staðsettur og þannig úr garði gerður að hann uppfylli nauðsynleg skilyrði sem varna því að jarðvegur, grunnvatn eða yfirborðsvatn mengist og sem tryggja að sigvatni sé safnað á skilvirkan hátt í þeim*


tilvikum sem þess er krafist samkvæmt 2. lið og eins og kröfur þar segja til um. Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu meðan rekstrar-/virkniskeið varir og með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og yfirborðsþéttingu meðan óvirka skeiðið varir/eftir lokun”.

Áfok

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í frummatsskýrslu, umfjöllun um hvernig komið verði í veg fyrir áfok frá urðunarstaðnum.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun